

Bráðaofnæmi tengt ónæmisaðgerðum

Bráðaofnæmi (*anaphylaxis*) tengt ónæmisaðgerðum er mjög sjaldgæft. Það á sér yfirleitt stað mjög skyndilega, innan klukkustundar frá ónæmisaðgerðinni og getur verið banvænt. Nauðsynlegt er að hver sá sem framkvæmir ónæmisaðgerðir sé fær um að greina á milli bráðaofnæmis og annarra bráðra einkenna eins og til dæmis krampa og yfirliðs. Yfirlið er tiltölulega algengt í kjölfar ónæmisaðgerða hjá fullorðnum og unglingum. Líklega er um bráðaofnæmi að ræða, ef ekki finnst æðasláttur hálsslagæðar (*carotis*), sem er til staðar þegar um yfirlið eða krampa er að ræða.

Einkenni bráðaofnæmis eru

1. **Fölvi, slekja (hypótónía) og öndunarstöðvun** eru algengustu einkenni hjá börnum.
2. **Þrengsli í efri hluta öndunarvegjar:** hæsi og innöndunarsog (*stridor*) vegna þjúgs í barkakýli og barkakýlisloki.
3. **Þrengsli í neðri hluta öndunarvegjar:** þrengslatilfinning í brjósti, andþyngsli með önghljóðum við útöndun vegna berkjukrampa.
4. **Frá hjarta- og æðakerfi:** hraður hjartsláttur, blóðþrýstingsfall samfara hröðum hjartslætti. Mjög hægur hjartsláttur er sjaldgæfari.
5. **Húð:** ofsakláði (*urticaría*) með dæmigerðum útbrotum, afmörkuðum af upphækkuðum, rauðum brúnum og með miðlægum fölva, samfara áköfum kláða.

Meðferð

Nauðsynlegt er að allir sem framkvæma ónæmisaðgerðir þekki hvernig bregðast skuli við.
Ávallt eiga lyf og sprautur að vera tiltæk.

1. Leggið barnið í **vinstri hliðarlegu** og sjáið til þess, að öndunarvegur barnsins sé opinn.
2. Gefið **adrenalín djúpt í vöðva** í samræmi við neðanskráð, þó ekki ef æðasláttur er kröftugur og almennt ástand barnsins gott.
3. Kallið efir **hjálp** (112 -neyðarbíll). **Skiljið barnið aldrei eftir eftirlitslaust.**
4. Hefjið **endurlífgun** með öndunaraðstoð og hjartahnoði, sé þess þörf.
5. Batni ástand barnsins ekki á næstu 10 mínútum, **endurtakið þá adrenalíngjöf**, hámark x 3.
6. Barnið skal leggja inn **á sjúkrahús** í öllum tilvikum.

Adrenalínskammtar

Notið EpiPen samkvæmt leiðbeiningum eða Adrenalín samkvæmt eftirfarandi:

(1 mg/ml, óþynnt, 1 ml sprauta) gefið í vöðva

Reikna má með 0,1 ml á hver 10 kíló líkamsþyngdar

Til viðmiðunar

6 - 12 ára: 0,3 ml (viðmið 30 kg)

13 -16 ára: 0,5 ml (viðmið 50 kg)

Síðast uppfært 2023